



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: María Björk Hermannsdóttir, fjármálastjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um verktaka hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði

Á fundi stafræns ráðs þann 27. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 14. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Hversu margir verktakar hafa verið ráðnir hjá þjónustu- og nýsköpunarsviði undanfarin 2 ár til þess að sinna daglegum störfum og eru með tölvupóstfang á vegum Reykjavíkurborgar? Hvernig eiga stjórnslulög við verktaka sem hafa fengið borgarpóstfang og umboð til þess að koma fram fyrir hönd Reykjavíkurborgar með störfum sínum sem verktakar innan sviðsins? Á hvaða kostnaðarstaði og / eða kostnaðarlykla eru laun verktaka á vegum sviðsins færð? Hefur verið kannað hvort launakjör og aðbúnaður þeirra erlendu verktaka sem starfa fyrir sviðið séu í samræmi við lög og kjarasamninga í viðkomandi landi? Hafa verið gerðir persónuverndarsamningar við þá erlendu aðila sem hafa starfað fyrir sviðið?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 27. nóvember 2024.

Svar:

Þjónustu- og nýsköpunarsvið sinnir fjölbreyttum verkefnum, sem oft eru unnin af tímabundnum þjónustuaðilum samkvæmt samningum. Á tímabilinu 1. janúar 2023 til 31. desember 2024 voru 215 slíkir aðilar með tölvupóstfang á vegum Reykjavíkurborgar. Þar sem flestir samningar eru gerðir til skilgreinds tíma er fjöldi þeirra breytilegur á tímabilinu.

Aðilar sem koma að verkefnum á vegum þjónustu- og nýsköpunarsviðs þurfa, stafa sinna vegna, að eiga samskipti meðal annars með stafrænum hætti og fá því tölvupóst á vegum Reykjavíkurborgar til afnota. Í samningsformum sviðsins er vísað í stjórnslulög, sem kveða skýrt á um þagnarskyldu þeirra sem starfa á vegum sveitarfélaga. Jafnframt er tekið tillit til persónuverndarlaga í samnings- og útboðsformum sviðsins, auk þess sem gerðir eru vinnslusamningar við innlenda og erlenda þjónustuaðila sem vinna með persónuupplýsingar fyrir hönd borgarinnar.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið greiðir þóknun fyrir aðkeypta þjónustu í samræmi við gildandi samninga. Greiðslur eru gjaldfærðar á þann kostnaðarstað sem um ræðir hverju sinni.

Kostnaðarstaðir þjónustu- og nýsköpunarsviðs eru eftirfarandi:



Kostn.st.	Kostnaðarstaður
1252	Skjalasafn
1260	Þjónustuver Höfðatorgi
1261	Upplýsingagreind
1262	Skjalaver Höfðatorgi
1265	Stafræn Reykjavík
1266	Skrifstofa þjónustuhönnunar
1285	Miðlæg skrifstofa ÞON
1286	Stafrænt ráð
1360	Rekstur Höfðatorgs
1370	Rekstur ráðhúss
1390	UTR Skrifstofa
1393	UTR Kerfisrekstur
1394	UTR Notendapjónusta
3400	Borgarskjalasafn
2102	Áhöld, tæki og hugbúnaður ÞON

Útboðsform Reykjavíkurborgar kveða á um að þjónustuaðili tryggi og beri ábyrgð á að starfsfólk þeirra fái laun, starfskjör, sjúkra- og slysatryggingar og önnur réttindi í samræmi við gildandi kjarasamninga og lög hverju sinni. Hið sama gildir um starfsfólk undirverktaka og starfsmannaleiga.

Öllum sem taka þátt í útboðum á vegum Reykjavíkurborgar ber að skila undirritaðri yfirlýsingu í samræmi við framangreint með tilboðum sínum. Sömu kröfur gilda í verðfyrirspurnum. Vanræki þjónustuaðili skyldur sínar gagnvart starfsfólki á samningstíma eru heimildir í samningum til að beita þjónustuaðila févíti þar til hann hefur rétt hlut starfsfólks eða segja samningi upp án fyrirvara.

F.h. þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

María Björk Hermannsdóttir,
fjármálastjóri